

Fundargerð

Íþróttá- og tómstundanevnd - 242. fundur

haldinn í Krosseyri, Linnetsstíg 3,
15. February 2017 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar, Eva Rut Reynisdóttir sat fundinn

Dagskrá:

2. 1702139 - Tóbakskönnun

Kynnt niðurstaða tóbakskönnunar þar sem 16 ára börn gátu keypt sigarettur á 43% sölustaða tóbaks í Hafnarfirði.

Íþróttá- og tómstundanevnd lýsir yfir áhyggjum af þessari þróun. Nefndin leggur á það áherslu að auka tíðni þessara kannanna og að ítreka þurfi við söluaðila að virða aldursmörk.

3. 1702140 - Sumarvinna, vinnuskóli 2017

Kynnt drög að dagsetningum varðandi umsóknir í sumarstörf Hafnarfjarðarbæjar. Rætt um tímalengd vinnu fyrir unga fólkið í sumar.

Fyrirliggjandi drög að dagsetningum og fyrirkomulagi vegna ráðninga er samþykkt.

4. 1702141 - Þjóðhátíðardagurinn 17. júní 2017

Rætt um hvernig fyrirkomulag 17. júní var árið 2016. Íþróttá- og tómstundanevnd er einnig þjóðhátíðarnevnd.

Íþróttá- og tómstundafulltrúa falið að mynda starfshóp til að undirbúa hátíðarhöldin og kynna drög að fyrirkomulagi á fundi nefndarinnar í apríl.

5. 1609597 - Víðistaðatún, snjóbrettamót

Brettafélag Hafnarfjarðar hefur fengið leyfi til að halda snjóbrettamót á Víðistaðatúni og mun það fara fram 18. mars ef veður leyfir.

Félagið óskar eftir stuðningi Íþróttá- og tómstundanevndar vegna þessa og hefur lagt fram fjárhagsáætlun verksins.

Íþróttá- og tómstundanevnd tekur vel í þetta verkefni og felur Íþróttafulltrúa að ræða við undirbúningshópinn um framkvæmd og styrkir verkefnið um 200.000 kr.

7. 1702166 - Unglingalandsmót UMFÍ

UMFÍ leitar að sveitarfélagi til að taka að sér Unglingalandsmótið 2020 og Landsmót UMFÍ 50 árið 2019.

Íþróttafulltrúa falið að ræða við UMFÍ um forsendur umsóknar.

1. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Fulltrúi Ungmennaráðs kynnti nokkur atriði sem rædd voru á Ungmennahópi.

6. 1702142 - Grunnskólahátíð 2017

Íþróttá- og tómstundafulltrúi sagði frá Grunnskólahátíð sem fram fór í síðustu viku í Íþróttahúsinu við Strandgötu og Gaflaraleikhúsinu. Um 800 unglingar sóttu hátíðina sem tókst afar vel.

Almenn ánægja er með hátíðina og var hún unglíngunum í Hafnarfirði og þeim sem að henni stóðu til sóma og eiga þeir þakkir skildar.

8. 1701377 - Gallup, þjónusta sveitarfélaga 2016, könnun

Íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir hluta af sveitarfélagakönnun Gallup þar sem bæjarbúar meta þjónustu sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15.

Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
(n)

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)
